

Upplýsingar

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi í samstarfi við Glerárkirkju stendur fyrir samræðukvöldum eins og undanfarin misseri. Tilgangurinn með þeim er að skapa vettvang til samtals um kirkju og kristni og eru allir sem áhuga hafa velkomnir til að taka þátt í samtalinu.

Hvert kvöld hefst með helgistund og tveggja manna tali klukkan átta. Þar ræða tveir einstaklingar efni kvöldsins. Í kringum niuleytið er tekið stutt kaffihlé áður en að almennar umræður hefjast.

Að þessu sinni spyrjum við hvað við sem lúthersk kirkja getum lært af bók páfa kaþólsku kirkjunnar „Jesús frá Nasaret“. Í bókinni birtist áhugaverð samfélagsrýni fræðimannsins Joseph Ratzinger, en þetta er fyrsta bók hans eftir að hann settist á páfastól sem Benedikt XVI. Bókin er innlegg í samtalið á milli samfélags og kristni.

Á þessum átta samræðukvöldum er leitast við að kalla til samtals um helgustu rit kristinnar, guðspjöllin. Meðal annars er horft til sögunnar, spurt um raunveruleika-tengingar, málefnum kirkju velt upp, guðfræðin krufin til mergjar, rýnt í tengsl leikhúss og helgihalds, sjóðir bókmennta og lista nýttir til samtals og tengsl guðspjallanna við menningu, siðferði og samfélag skoðuð.

Dagskrárlok eru hvert kvöld klukkan tíu. Kynning á kvöldunum er að finna á vefjum kirkjunnar en auk þess verður hægt að fylgjast með umræðunni á www.kirkjan.is/naust og www.glerarkirkja.is.

Umsjón með kvöldunum hafa Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni í Glerárkirkju og sr. Guðmundur Guðmundsson héraðsprestur í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

Við þökkum Bókafélaginu Uglu fyrir stuðninginn við umræðukvöldin.

SAMRÆÐUKVÖLD UM TRÚNA Á KRIST, GUÐSPJÖLLIN OG NÚTÍMANN

Í safnaðarsal
Glerárkirkju
á miðvikudögum
kl. 20-22
í október og nóvember
2011

Joseph Ratzinger
BENEDIKT PÁFI
XVI



JESÚS
FRÁ NASARET

- Bók páfa um guðspjöllin og nútímann
- Tveggja manna tal um biblíurannsóknir, guðfræði, leikritun, list og bókmenntir, menningu, siðferði, sögu og samfélag
- Almennar umræður

1. Sagan og raunveruleikinn

Miðvikudagskvöldið 5. október

Spurningar kvöldsins: Hver var Jesús frá Nasaret? Áttu guðspjöllin eins og við þekkjum þau sér raunverulega stað í mannkynssögunni?

Tveggja manna tal: Jón Valur Jenson, kaþólskur guðfræðingur og sr. Jón Ármann Gíslason, prófastur í Eyja-fjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

Til hliðsjónar „Jesús frá Nasaret“ bls. 9 til 42.

2. Kirkjan og guðfræðin

Miðvikudagskvöldið 12. október

Spurningar kvöldsins: Hvað segja guðspjöllin um Guð og trú kirkjunnar? Hafa lúterska og kaþólska kirkjan nálgast í skilningi sínum á trúnni? Hver er munurinn á Guðs syni kirkjunnar og hinum sögulega Jesú biblíurannsóknanna?

Tveggja manna tal: Dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson héraðsprestur í Reykjavíkprófastsdæmi eystra og sr. Sigríður Munda Jónsdóttir sóknarprestur á Ólafsfirði.

Til hliðsjónar „Jesús frá Nasaret“ bls. 43 til 78.

3. Leikhúsið og helgihaldið

Miðvikudagskvöldið 19. október

Spurningar kvöldsins: eru guðspjöllin vel til þess fallin að leika þau á sviði? Hvers vegna (ekki)? Hvað er sérstakt við form guðspjallanna? Hvernig tengjast guðspjöllin helgihaldi kirkjunnar?

Tveggja manna tal: Sr. Haukur Ágústsson, prestur og kennari og Aðalsteinn Bergdal leikari.

Til hliðsjónar „Jesús frá Nasaret“ bls. 79 til 136.

4. Bókmenntir og listir

Miðvikudagskvöldið 26. október

Spurningar kvöldsins: Hver eru tengsl guðspjallanna við bókmenntaarf okkar? Gefur það okkur dýpri skilning á guðspjöllunum að nýta bókmenntarýni á þau? Hvað með fagurfræði guðspjallanna?

Tveggja manna tal: Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir prestur í Gleráarkirkju og sr. Örnólfur Ólafsson sóknarprestur á Skútustöðum.

Til hliðsjónar „Jesús frá Nasaret“ bls. 137 til 174.

5. Menning og samfélag

Miðvikudagskvöldið 2. nóvember

Spurningar kvöldsins: Hvernig styðja guðspjöllin grunngildi menningar og samfélags okkar á 21. öld? Styrkir guðsmynd kristinnar karlaveldi eða jafnrétti? Hver eru menningaráhrif þess að biðja til Guðs föður?

Tveggja manna tal: Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu og dr. Sigríður Halldórsdóttir, prófessor, heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri.

Til hliðsjónar „Jesús frá Nasaret“ bls. 175 til 186.

6. Heimspeki og þekking

Miðvikudagskvöldið 9. nóvember

Spurningar kvöldsins: Á trúarjátning kristinnar kirkju um Jesú sem Guðs son sér uppruna í heimspeki samtíma hans? Eða á sú játning uppruna sinn í persónu Jesú frá Nasaret? Hvernig má færa rök fyrir sérstöku sambandi Jesú við Guð? Hvernig hafa menn gert það í sögu kristinnar? Skiptir það einhverju máli?

Tveggja manna tal: Dr. Hjalti Hugason, prófessor við guðfræði- og trúarbragðafræðideild HÍ og sr. Gunnlaugur Garðarsson sóknarprestur í Gleráarkirkju.

Til hliðsjónar „Jesús frá Nasaret“ bls. 219 til 280.

7. Samfélag og siðfræði

Miðvikudagskvöldið 16. nóvember

Spurningar kvöldsins: Gagnrýna guðspjöllin viðtekin gildi í mannlegum samfélögum? Hvernig endurspeglast það í boðskap guðspjallanna um fátækt og ríkidæmi? eru siðferðiskröfur guðspjallanna raunhæfar? Hvernig er Guð forsenda rétttrar breytni?

Tveggja manna tal: Dr. Ragnheiður Harpa Arnarsdóttir, lektor, heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri og sr. Gunnar Jóhannesson, sóknarprestur á Hofsósi

Til hliðsjónar „Jesús frá Nasaret“ bls. 187 til 218.

8. Jesús Kristur, sannur maður, sannur Guð?

Miðvikudagskvöldið 23. nóvember

Spurningar kvöldsins: Er Jesús bara fyrirmynd? Eða er hann Guð í mannsmynd? Hvernig birtist Jesú okkur í dag?

Tveggja manna tal: Sunna Dóra Möller, guðfræðingur og sr. Bolli Pétur Bollason, sóknarprestur í Laufási.

Til hliðsjónar „Jesús frá Nasaret“ bls. 281 til 341.

“Guðspjöllin þurftu ekki að klæða hann holdi vegna þess að hann var þegar holdi klæddur.”

Benedikt páfi XVI, bls. 12.